

Lyfjabrunnur fjarlægður

Lyfjabrunnur er fjarlægður á göngudeild 10E, Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Ekki þarf að fasta fyrir aðgerðina en fara þarf í sturtu að morgni aðgerðardags.

Aðgerð

Mæting er á göngudeild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut á umsömdum tíma.

Aðgerðin tekur 30-60 mínútur og er gerð í staðdeyfingu. Húðin er deyfð yfir lyfjabrunninum og gerður lítill skurður í örið frá því að honum var komið fyrir. Líkaminn myndar bandvef utan um aðskotahluti og því þarf að losa um hann áður en lyfjabrunnurinn er fjarlægður.

Útskrift

Fara má heim fljótlega eftir aðgerð. Óhætt er að aka bíl þar sem aðgerðin er gerð í staðdeyfingu.

Verkir

Búast má við eymslum á skurðsvæðinu fyrstu dagana eftir aðgerð. Taka má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki, samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfsins.

Skurðsár

Skurðsár er saumað með saumi sem eyðist. Yfir því eru litlir límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en eftir 10-14 daga. Óhætt er að fara í sturtu tveimur dögum eftir aðgerð. Mikilvægt er að þerra vel á eftir en forðast að nudda sárið. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð. Forðast ber alla óþarfa snertingu við sárið. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sólarljósi í allt að ár eftir aðgerð. Sjaldgæft er að sýking komi í skurðsár sem þessi.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á göngudeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við hjúkrunarfræðing á göngudeild 10E ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Roði, bólga eða vessi úr skurðsári
- Verkir sem verkjalyf slá ekki á

Símanúmer

Hjúkrunarfræðingur á göngudeild skurðlækninga 10E, virka daga kl. 08:00-15:30 543 2200

Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.